

Terra umhverfisþjónusta
v/ Terra Norðurlandi
Berghellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 17. mars 2021
UST202101-098/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. janúar sl. þar sem áformað var að áminna Terra Norðurlandi vegna frávíks sem skráð var í eftirliti í spillefna- og raftækja móttöku hjá Terra Norðurlandi, Rangárvöllum þann 5. nóvember sl. Úrbótaáætlun rekstraraðila barst þann 20. janúar sl.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 5.1. og 5.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum eftirlitsmælinga sem eiga að berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur reynst erfitt að fá aðila til þess að framkvæma mælingar vegna Covid-19 og hafa þær því dregist. Tekist hefur að fá aðila í verkið og mun rekstraraðili skila niðurstöðum mælinganna til stofnunarinnar um leið og þær berast.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur